

Nid.

417. Breytingartillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaganna um breytingu á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920 (þskj. 383).

Frá Magnúsi Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Aftan við greinina kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:
Með lögum skal ákveða hversu fer um stjórn landsins, ef ráðherra deyr eða forfallast eða fer utan.
2. Við 5. gr. Milli 1. og 2. málsg. kemur ný málsg., svo hljóðandi:
Aftan við sömu gr. bætist:
3. Við 9. gr. Aftan við greinina bætist:
Sama er og, ef þingmaður, kosinn hlutbundinni kosningu, forfallast svo, að hann getur ekki setið á einhverju þingi, hvort er reglulegt þing eða aukathing, eða það sem eftir er af því þingi.
4. Við 10. gr. Upphaf 2. málsgreinar orðist svo:
Kosningarrjett til Alþingis í sjerstökum kjördæmum hafa allir o. s. frv.
5. Við 10. gr. Í stað síðustu málsg. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:
Með sömu skilyrðum hafa karlar og konur, sem eru 35 ára eða eldri, kosningarrjett til hlutbundinna kosninga um land alt. Að öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri röð varamenn skuli koma í stað aðalmanna.